

Mánudagurinn 2. júní 1997 kl. 12:00

95. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 21/1997

**Kvörtun Kastljóss ehf. vegna samnings um rekstur  
hljóðkerfis Reykjavíkurborgar**

**I.**

**Málavextir**

**1.**

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 13. janúar sl., frá fyrirtækinu Kastljósi ehf. þar sem kvartað er vegna samnings milli Íprótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur (ÍTR) og Extóns Hljóðs ehf., um rekstur þess síðarnefnda á hljóðkerfi Reykjavíkur. Kastljós hefur, samkvæmt því sem fram kemur í erindinu, verið í sambærilegum rekstri og telur að þessi samningur skekki samkeppnisstöðu fyrirtækisins.

Í erindinu segir að Extón Hljóð muni samkvæmt samningnum við ÍTR yfirtaka allan rekstur hljóðkerfisins ásamt búnaði og viðskiptamannaskrá. Varlega áætluð verðmæti tækja séu 15-20 milljónir króna. Leiga fyrir þessi afnot verði 5% af veltu, en ekki komi fram hvort þar sé átt við tekjur af leigu tækja einvörðungu eða hvort vinna sem skapast vegna tækjaleigu verði talin með veltutölum. Jafnframt verði gerður samningur milli ÍTR og Extón Hljóðs um afnot ÍTR af hljóðkerfinu. Verðmæti þessa samnings telur kvartandi vera 10-15 milljónir króna árlega.

Ennfremur segir í erindinu að einn af eigendum Extóns Hljóðs og ljóstækjaleigunnar Extón ehf. hafi um árábil verið starfsmaður hljóðkerfisdeildar Reykjavíkur og ef beðið hafi verið um hljóðkerfi hjá Reykjavíkurborg, hafi nokkurn veginn undantekningarlaust verið bent á Extón sem eina kostinn í því að útvega ljósabúnað.

Kvartandi telur að útleiga ÍTR á hljóðkerfum og tengdum búnaði hafi verið í beinni samkeppni við ýmsa einkaaðila sem séu í svipuðum rekstri.

Að lokum segir kvartandi að það sem fyrir þennan samning hafi verið óþægileg samkeppnisstaða sé nú mjög óeðlileg samkeppnisstaða og fer hann þess á leit að eitt af eftirfarandi verði gert:

1. ÍTR hætti útleigu tækja út fyrir starfstaði sína.
2. Almennt útboð verði gert á yfirtöku og rekstri hljóðkerfisdeildar.
3. Að allur búnaður hljóðkerfisdeildar verði seldur hæstbjóðanda.

## II.

### Málsmeðferð

#### 1.

Erindið var sent ÍTR til umsagnar með bréfi, dags. 16. janúar. Svar barst frá borgarlögmanni, dags. 24. janúar, þar sem segir að borgarráð hafi vísað erindinu til umsagnar hans. Með bréfi, dags. 12. febrúar, sendi borgarstjórinn umsögn borgarlögmanns, dags. 3. febrúar, til Samkeppnisstofnunar. Þar segir:

*„Óskað hefur verið umsagnar minnar um erindi Samkeppnisstofnunar frá 16. f.m., þar sem óskað er umsagnar um bréf Kastljóss ehf. varðandi samning íþróttá- og tómstundaráðs um leigu á hljóðkerfi Reykjavíkurborgar.*

*Reykjavíkurborg hefur annast rekstur Hljóðkerfisdeildar frá árinu 1986 er núverandi hljóðkerfi var keypt í tilefni af hátíðarhöldum vegna 200 ára afmælis Reykjavíkurborgar. Ríkissjóður og Reykjavíkurborg keyptu umrætt hljóðkerfi saman sbr. fsk. 1 og frá árinu 1987 hefur Íþróttá- og tómstundaráð annast rekstur þess. Aldrei hafa verið gerðar athugasemdir til borgaryfirvalda, verðlagsstofnunar eða Samkeppnisstofnunar varðandi rekstur hljóðkerfisins þann rúma áratug sem Reykjavíkurborg hefur rekið það í samkeppni við einstaklinga og fyrirtæki.*

*Í mars árið 1996 gáfu sig fram við borgaryfirvöld nokkrir einstaklingar sem reka hljóðkerfisleigu og óskuðu eftir viðræðum um stofnun hlutafélags um rekstur hljóðkerfis borgarinnar og þeirra eigin tækja. Reykjavíkurborg tók vel í þessa málaleitan en ekkert varð úr samningum. Benda má á að meðal þessara aðila voru nokkrir af helstu samkeppnisaðilum Hljóðkerfisdeildar borgarinnar. Í október 1996 barst Íþróttá- og tómstundaráði erindi frá Extón ehf. með ósk um viðræður um leigu á hljóðkerfi borgarinnar. Í framhaldi af fyrri viðræðum*

við einstaklinga og bréfi Extóns ehf. vakti framkvæmdastjóri ÍTR athygli borgaryfirvalda á því að með tilliti til neikvæðrar rekstrarafkomu hljóðkerfisins sl. ár og til að auka samkeppni í þessum rekstri og þ.a.l. til að lækka kostnað þeirra sem notfæra sér slíka leigu væri e.t.v. rétt að ÍTR hætti rekstri hljóðkerfisins í samkeppni við einkaaðila og fyrirtæki. Fyrst var rætt við þáverandi starfsmenn Hljóðkerfisdeildar um þjónustusamning á þeim nótum að þeir tækju að sér rekstur hljóðkerfisins á eigin ábyrgð og án afskipta borgaryfirvalda. Ekki náðist samkomulag um slíkan samning. Að vel ígrunduðu máli var ákveðið í framhaldi af tilboði Extóns frá 22. október 1996 að leggja til við borgarráð að gengið yrði til samninga um leigu á hljóðkerfinu til Extóns hljóðs ehf. en fyrirtækið hefur verið starfandi sl. 4 ár og gat sýnt fram á ársreikninga, gott bókhald og að fyrirtækið greiddi tryggingagjald og önnur opinber gjöld.

Íþrótt- og tólmstundaráð og borgarráð hafa samþykkt samninginn við Extón hljóð ehf. um leigu á hljóðkerfi Reykjavíkurborgar og rekstur þess og hafa samningar vegna þessa verið undirritaðir sbr. forsk. 11. Reykjavíkurborg lítur svo á að um sé að ræða leigu- og þjónustusamning við Extón hljóð ehf. um að annast rekstur hljóðkerfisins án íhlutunar borgaryfirvalda og á ábyrgð samningsaðila án nokkurra skuldbindinga um viðskipti af hálfu Reykjavíkurborgar, stofnana hennar eða fyrirtækja.

Fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir sem undanfarin ár hafa nær undantekningarlaust leitað til Hljóðkerfisdeildar Reykjavíkurborgar munu nú væntanlega leita tilboða hjá fleiri aðilum í leigu á tækjum fyrir minni sem stærri viðburði. Þau viðskiptasambönd sem ÍTR hafði skapað með rekstri sínum fylgja ekki með í þeim samningi sem gerður hefur verið. Stofnanir og fyrirtæki borgarinnar sem hafa nær eingöngu átt viðskipti við Hljóðkerfi Reykjavíkurborgar um leigu á hljóðkerfum vegna funda, ráðstefna, vígsluathafna og fleiri viðburða geta nú leitað tilboða hjá þeim fyrirtækjum sem standa í slíkri útleigustarfsemi. Benda má á að nú þegar hefur samningur þessi leitt til þess að í verkefni sem áður voru nær eingöngu unnin af Hljóðkerfisdeild Reykjavíkur hefur verið aflað tilboða í á vegum borgarstofnana og fleiri aðila. Félagasamtök og stofnanir utan borgarkerfisins sem leitað hafa til borgarráðs um endurgjaldslaus afnot eða styrk vegna afnota af hljóðkerfi borgarinnar munu ekki geta leitað til borgarráðs um slík viðskipti í framtíðinni heldur munu væntanlega afla tilboða hjá fyrirtækjum og semja við lögstjóðanda hverju sinni.

*Samingur Reykjavíkurborgar og Extóns hljóðs ehf. er til fimm ára og heimilt er að taka saminginn upp til endurskoðunar ef annar hvor samningsaðili óskar eftir því. Í lok samningstímans skal Extón hljóð ehf. skila borgaryfirvöldum tækjum aftur í ekki lakara ásigkomulagi en þau eru við upphaf samningsins. Þeim fyrirtækjum sem stunda sambærilega tækjaleigu er að sjálfsögðu heimilt að fá upplýsingar um þá aðila sem leigt hafa hljóðkerfi borgarinnar á liðnum árum.*

*Rekstur Hljóðkerfis borgarinnar undanfarin ár hefur verið með tapi og 1994 varð kostnaður borgarinnar vegna þessa rekstur kr. 2.336.000,- og kr. 3.264.000,- árið 1995 sbr. ársreikning borgarsjóðs fsk. III. Á árinu 1995 varð brúttórekstrarkostnaður kr. 17.531.242,- og tekjur kr. 14.269.301,-. Afnot stofnana og starfsemi á vegum ÍTR af tækjum hafa verið reikningsfærð og eru hluti af þessum rekstrartölum. Þátttaka Hljóðkerfisdeildar í kostnaði við yfirstjórn borgarinnar hefur hins vegar ekki verið færð til gjalda.*

*Í bráðabirgðarekstraryfirliti fyrir árið 1996 er áætlað að rekstrartap verði á Hljóðkerfi Reykjavíkurborgar svipað og varð árið 1995. Þannig má gera ráð fyrir að sparnaður Reykjavíkurborgar með samning þennan miðað við áframhaldandi erfiðleika í þessum rekstri sé um 2-4 m.kr. á ári.*

*Í rekstrarútkomu 1995 voru helstu rekstrartölur eftirfarandi:*

<i>Laun og launatengd gjöld</i>	<i>8.677.000,-</i>
<i>Rekstur húsnæðis</i>	<i>363.000,-</i>
<i>Bifreiðakostnaður</i>	<i>2.333.000,-</i>
<i>Viðhald tækja</i>	<i>1.100.000,-</i>
<i>Styrkir</i>	<i>3.342.000,-</i>
<i>Tryggingar</i>	<i>300.000,-</i>
<i>Sími</i>	<i>610.000,-</i>
<i>Skrifstofukostnaður</i>	<i>133.000,-</i>
<i>Önnur útgjöld</i>	<i><u>674.000,-</u></i>
<b><i>Útgjöld</i></b>	<b><i>17.532.000,-</i></b>
<b><i>Tekjur</i></b>	
<i>Styrkir</i>	<i>3.342.000,-</i>
<i>Tekjur</i>	<i><u>10.926.000,-</u></i>
<i>Mismunur</i>	<i>3.264.000,-</i>

Samningur sá sem vísað er í í bréfi Kastljóss ehf. um viðskiptakjör á milli ÍTR og Extóns hljóðs ehf. er ekki á nokkurn hátt hægt að meta á 10-15 m.kr. árlega enda hefur ÍTR verið tiltölulega lítill viðskiptavinur hljóðkerfisins sl. ár. Borgarstofnanir munu í framtíðinni leita eftir tilboðum bæði í leigu á ljósabúnaði og hljóðkerfum og vinnu í tengslum við slíka tækjaleigu. Þannig er alls ekki gert ráð fyrir að samkeppnisaðilar Extóns hljóðs ehf. verði útilokaðir frá viðskiptum við borgarfyrirtæki, félög og samtök sem átt hafa í viðskiptum við Hljóðkerfisdeild borgarinnar.

Undanfarin ár má e.t.v. segja að hér hafi ríkt fákeppni á þessum markaði vegna þess að fjölmargir aðilar sem þurft hafa afnot af slíkum tækjum og ekki talið sig hafa fullt bolmagn til að greiða leigu hafa leitað til borgarinnar um endurgjaldslaus afnot eða styrk á móti leigu. En nú mun slíkum viðskiptaháttum ljúka og samkeppni verða á milli fyrirtækja á þessu sviði um þessi viðskipti. Þannig mun borgin hætta öllum gjaldfríum afnotum af hljóðtækjum og skapa þannig fyrirtækjum á þessu sviði tækifæri til að keppa á samkeppnisgrundvelli um þessi viðskipti. Borgaryfirvöld líta því svo á að með samningi þessum muni samkeppni á þessu sviði aukast, verð lækka og þjónusta fyrirtækja á þessu sviði batna til hagsbóta fyrir viðskiptamenn.

Valkostum viðskiptavina sem nýta þurfa sér þjónustu hljóðkerfisleiga mun ekki fækka og engir keppinautar verða útilokaðir frá markaðnum og því er ekki hægt að ætla að samningur borgaryfirvalda og Extóns hljóðs ehf. hafi skaðleg áhrif á samkeppni í þessari grein atvinnustarfsemi í landinu eins og haldið er fram í bréfi Kastljóss.

Eins og áður er fram komið hefur Reykjavíkurborg rekið Hljóðkerfisdeild í rúman áratug. Hljóðkerfið var keypt þar sem innlendir einkaaðilar bjuggu ekki yfir þeim tækjabúnaði sem kröfur voru gerðar um af markaðnum og þurfti því áður að flytja inn verulegan hluta tækja ef standa átti fyrir listviðburðum hér á landi. Á síðustu árum hefur samkeppni aukist á þessu sviði og því rétt að opinberir aðilar dragi sig út úr þessum rekstri. Það verður þó ekki gert nema séð verði til þess að hæfir aðilar finnist á markaðinum. Það skýtur því nokkuð skökku við að þegar opinberir aðilar hætta rekstri sem halda mætti fram með rökum að stangaðist á við meginreglur samkeppnislaga og þó einkum 2. mgr. 14. gr. þeirra að þá fyrst sé kvartað til Samkeppnisstofnunar. Það er krafa Reykjavíkurborgar að samningur milli ÍTR og Extóns hljóðs ehf. verði látinn

*standa og reynsla næstu missera verði látin skera úr um á hvern hátt viðskipti þessi þróast enda er í samningnum heimild til endurskoðunar og uppsagnar.“*

## 2.

Umsögn borgarlögmans var send kvartanda til athugasemda með bréfi, dags. 7. febrúar. Svar barst 3. mars. Þar segir m.a. að á síðustu árum hafi einstaklingar og fyrirtæki sýnt áhuga á að yfirtaka eða kaupa rekstur Hljókerfisdeildar Reykjavíkur og fengið þau svör að yrði rekstrinum breytt myndi verða um almennt útboð að ræða.

Kvartandi telur að Extón Hljóð greiði óeðlilega lítið fyrir afnot af þeim tækjabúnaði sem fyrirtækið yfirtekur með samningnum. Þar sem rekstrarkostnaður fari eftir veltu, geti Extón Hljóð auðveldlega undirboðið samkeppnisaðila, sem þurfi að fjármagna sín tækjakaup á almennum markaði. Kvartandi telur að engin lánastofnun myndi lána fé til stofnunar eða reksturs slíks fyrirtækis gegn svipuðum kjörum og Extón Hljóð fær með þessum samningi. Að lokum ítrekar kvartandi fyrri kröfur sína.

## 3.

Bréf kvartanda var sent borgarlögmanni með bréfi, dags. 4. mars, til athugasemda. Svar barst, dags. 14. mars. Þar segir:

1. *“Reykjavíkurborg er ekki að selja eða afhenda tækin til eignar.*
2. *Um er að ræða þjónustusamning til 5 ára þar sem fyrirtækið Extón Hljóð ehf. tekur að sér að annast rekstur á þjónustu sem Reykjavíkurborg hefur áður rekið.*
3. *Reykjavíkurborg mun ekki annast endurnýjun tækja né viðhald eldri tækja eða búnaðar.*
4. *Samningur þessi hefur þegar leitt til aukinnar samkeppni á sviði hljóðkerfisleigu. Fleiri aðilar leita nú tilboða í hljóðkerfi og ljósabúnað en áður tíðkaðist og það hefur sýnt sig að Extón Hljóð ehf. hefur ekki undirboðið samkeppnisaðila, heldur hafa önnur fyrirtæki boðið lægra en Extón Hljóð ehf. í verk á vegum Reykjavíkurborgar, íþróttafélaga, samtaka og annarra aðila.*

5. *Ljóst er því að samkeppni hefur nú þegar aukist, valkostum viðskiptavina hefur augljóslega fjölgað og auðveldaður hefur verið aðgangur nýrra keppnauta að markaðinum.*
6. *Reykjavíkurborg vill ítreka fyrri kröfu sína um að samningur milli ÍTR og Extón Hljóðs ehf. verði látinn standa og reynsla næstu missera verði látin skera úr um á hvern hátt viðskipti þessi þróast enda er í samningnum heimild til endurskoðunar og uppsagnar.*

*Að öðru leyti vísast til fyrr i umsagnar borgarlögmanns dags. 3. febrúar s.l.“*

#### 4.

Hluthafar í Extóni eru Friðbert Magnússon, sem á 50%, Óli Öder Magnússon, sem á 40% og Helga Björnsdóttir, sem á 10%, samkvæmt upplýsingum tveggja síðarnefndu. Bréf barst frá þeim, dags. 23. janúar, þar sem þau koma á framfæri athugasemdum vegna kvörtunar Kastljóss. Þar segir m.a. að starfsmenn Extóns séu tveir og að viðskipti fyrirtækisins við borgina séu um 2-2.5% af heildarveltu fyrirtækisins. Ennfremur segir: *“Rétt er að benda á að í þeim tilfellum sem Hljóðkerfið og Extón hafa unnið saman (sem er 5-6 sinnum á ári) yfirleitt í Laugardalshöll, þá hefur ástæðan einfaldlega verið sú að Extón ehf. hefur verið eina ljósaleigan sem átt hefur nægan tækjabúnað í viðkomandi verkefni og ekki þurft að fá lánað hjá opinberum stofnunum og einkafyrirtækjum. Og hefur borgin þá ekki verið leigutaki heldur ýmsir aðilar.”*

#### 5.

Afrit af umsögn borgarlögmanns, dags. 3. febrúar, var sent Extóni með bréfi, dags. 7. febrúar, og fyrirtækinu gefið tækifæri til athugasemda. Svar barst dags. 10. mars. Þar segir m.a. að sú fullyrðing Kastljóss, að óeðlilega lítið sé greitt fyrir afnot af tækjabúnaði sé á misskilningi byggð. Extón Hljóð áætli að veltan muni minnka um helming frá árinu 1996 m.a. vegna aukinnar samkeppni þar sem öllum sé nú frjálst að bjóða í verkefni á vegum hljóðkerfisdeildar. Áætlaðar tekjur af tækjaleigu og vinnu verði samkvæmt því um 7 milljónir króna, án vsk., á árinu 1997. Af þeirri upphæð yrði greitt 5%, eða kr. 350 þúsund krónur til borgarinnar í leigu, tryggingar séu 300 þúsund krónur, viðhald tækja og annað viðhald sé áætlað 1.350 þúsund krónur. Samtals tvær milljónir króna, eða 28.55% af veltu fyrirtækisins, sem sé hin raunverulega

leiguupphæð sem Extón Hljóð muni greiða. Við þetta bætist rekstrarkostnaður fyrirtækisins s.s. laun, húsaleiga o.fl.

Bent er á að hljóðbúnaðurinn sé orðinn 10 ára gamall og því sé viðhaldskostnaður verulegur. Launakostnaður sé hár í svona rekstri þar sem útleiga tækja fari yfirleitt fram utan venjulegs vinnutíma, á kvöldin, um helgar og á hátíðisdögum. Í upphaflegum samningsviðræðum við borgina hafi verið rætt um að leigan yrði 25-30% af veltu og að viðhald og tryggingar tækjanna væri innifalið í leigunni. Hagkvæmara þótti að Extón Hljóð sæi um viðhald og tryggingar tækjanna, þar sem annars hefði þurft stöðugt samband við ÍTR vegna viðhaldsmála.

Að lokum segir: *“Extón Hljóð getur sýnt fram á að fyrirtækið er ekki að undirbjóða verkefni, ef óskað er. Vegna þess að fyrirtækið hefur starfsmann á föstum launum, sér það sér ekki fært né hefur áhuga á að undirbjóða verkefni.”*

## 6.

Athugasemdir Extóns voru sendar borgarlögmanni til athugasemda með bréfi, dags. 14. mars. Svar barst ekki.

## 7.

Vegna fyrirspurnar frá Samkeppnistofnun um kostnað við rekstur hljóðkerfis Reykjavíkurborgar og verðmæti þess barst bréf frá framkvæmdastjóra ÍTR, dags. 18. apríl, ásamt upplýsingum um innkaupsverð tækjanna og yfirlit yfir rekstur þeirra. Þar kemur m.a. fram að viðhald áhalda var kr. 1.691 þúsund árið 1994, kr. 1.096 þúsund árið 1995 og kr. 2.015 þúsund árið 1996.

Símbréf barst 12. maí, frá ÍTR ásamt greinargerð frá borgarendurskoðanda, dags. 6. maí, þar sem segir að óskað hafi verið eftir áliti borgarendurskoðanda á verðmæti hljóðkerfis sem Reykjavíkurborg keypti árið 1986 og hefur viðhaldið síðan. Síðan segir:

*„Upphaflegt kaupverð hljóðkerfisins nam 10.8 mkr. á árinu 1986, að viðbættum innflutningsgjöldum sem námu 14.5 mkr. Þessu til viðbótar hafa tæki verið endurnýjuð og nýjum verið bætt við, og er kostnaður vegna þess um 12.6 mkr. á verðlagi ársins 1989, samkvæmt upplýsingum innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar. Upphaflegt heildarstofnverð nemur því 37.9 mkr. á verðlagi viðkomandi kaupárs.*



*Framreiknað stofnverð í árslok 1996, nemur 84.6 mkr. Ef tekið er tillit til eðlilegra afskrifta eru tækin þegar afskrifuð í niðurlagsverð, sem telst 10% af framreiknuðu stofnverði, eða 8.5 mkr.“*

## 8.

Starfsmenn Samkeppnisstofnunar áttu fund með forsvarsmanni Kastljóss, þann 21. maí, þar sem hann gerði grein fyrir starfsemi fyrirtækis síns og aðstæðum á markaðnum. Þar kom m.a. fram að Kastljós og Extón eru stærstu aðilarnir á markaðnum fyrir ljósaleigu. Kastljós stundar hins vegar ekki leigu á hljóðtækjum eða –kerfum eins og Extón Hljóð, en telur að samkeppnisstaða sín á markaðnum fyrir ljósaleigu versni vegna rekstrar Extóns Hljóðs á hljóðkerfi Reykjavíkurborgar, þar sem Extón og Extón Hljóð geti nú í samstarfi boðið viðskiptavinum bæði hljóð- og ljósakerfi.

## 9.

Starfsmenn Samkeppnisstofnunar áttu fund með forsvarsmanni Extón Hljóðs, þann 22. maí. Þar kom m.a. fram að fyrirtækið hefur fjárfest í tækjum og búnaði til stækkunar hljóðkerfis Reykjavíkurborgar fyrir um 6 milljónir króna sem forsvarsmaðurinn telur að hafi verið nauðsynleg endurbót til eðlilegs rekstrar á hljóðkerfinu. Fram kom á fundinum að það væri skilningur Extóns Hljóðs og ÍTR að leigugreiðslur þess fyrrnefnda næmu 5% af veltu fyrirtækisins að frádregnum virðisaukaskatti. Fulltrúi fyrirtækisins sagði að það ákvæði í rekstrarsamningi aðila um hljóðkerfi Reykjavíkurborgar, sem kveður á um að gera skuli samning á milli ÍTR og Extóns Hljóðs um afnot þess fyrrnefnda á hljóðkerfinu og þjónustu Extóns Hljóðs, hefði verið sett í samninginn að ósk ÍTR til að tryggja ráðinu aðgang að hljóðkerfinu þegar það þyrfti á því að halda. Þetta ákvæði væri að mati Extóns Hljóðs kvöð á fyrirtækinu sem kæmi í raun í veg fyrir að það gæti, t.d. á 17. júní, leigt hverjum sem er hljóðkerfið. Ákvæðið kvæði ekki á um einkarétt Extóns Hljóðs á tækjaleigu eða vinnu fyrir ÍTR heldur gæti ráðið átt viðskipti við hvern sem er.

## III.

### Niðurstöður

## 1.

Í því máli sem hér er til umfjöllunar kvartar fyrirtækið Kastljós vegna samnings milli ÍTR og Extón Hljóðs um rekstur Hljóðkerfis Reykjavíkurborgar. Kvartandi telur að samningurinn muni skekkja samkeppnisstöðu sína. Telur hann að samkeppnislega hafi verið ranglega staðið að því að gera samning við Extón Hljóð og leigugjald fyrirtækisins við ÍTR sé óeðlilega lágt.

Samkeppnisstofnun hefur aflað nokkurra upplýsinga um þann markað sem hér um ræðir. Hljóðkerfi eru leigð vegna ýmiss konar samkomuhalds t.d. vegna útihátíða, hátíða í Laugardalshöll, dansleikja, íþróttaviðburða og tónleika. Nú til tíu aðilar virðast stunda útleigu á hljóðkerfum, sumir eru litlir á markaðnum, en aðrir hafa fulla atvinnu af tækjaleigunni. Einnig eiga nokkur sveitarfélög hljóðkerfi, t.d. Akranes og Akureyri. Hljóðkerfi Reykjavíkur er stærsta hljóðkerfið á landinu og mun vera eina kerfið sem getur séð um mjög stórar útihátíðir t.d. hátíðahöld vegna 17. júní í Reykjavík. Segja má að útleiga á hljóðkerfum og þess háttar tækjum skiptist í nokkra lítt tengda markaði. Þannig eru nokkrir aðilar sem aðeins vinna fyrir og leigja popphljómsveitum tæki, aðrir sinna einkum leikhúsum og sumir vinna við ráðstefnur og fundi. Mikið er um að þeir sem leigja hljóðbúnað leigi hver öðrum tæki og vinni sem undirverktakar hver fyrir annan. Algengt er að þeir sem stunda umrædd viðskipti séu einyrkjar. Extón Hljóð mun samkvæmt viðskiptamannaskrá fyrirtækisins einkum starfa við stóra tónleika, ekki síst í Laugardalshöll, félagsmiðstöðvar og samkomusali skóla og við fundi og ráðstefnur.

Ljósabúnaður er oft leigður samhliða hljóðkerfum. Í útleigu á ljósabúnaði eru taldir vera fjórir til fimm aðilar að meðtöldum Extóni og Kastljósi, sem eru langstærstu fyrirtækin á markaðnum. Kvartandi telur að samkeppnisstaða sín gagnvart Extóni versni, þar sem síðarnefnda fyrirtækið geti nú í samvinnu við Extón Hljóð boðið bæði hljóð- og ljósaleigu í einum pakka.

Viðskipti á þessum markaði fara að mestu leyti fram samkvæmt tilboðum. Sá markaður sem hér um ræðir er nokkuð óljós, þar sem ýmsir sem á honum starfa gera það í hlutastörfum eða í helgar- og kvöldvinnu.

## 2.

Samkvæmt upplýsingum borgarendurskoðanda var framreiknað stofnverð hljóðkerfisins í árslok 1996, 84.6 milljónir króna. Að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta eru tækin afskrifuð í niðurlagsverð, sem telst 10% af framreiknuðu

stofnverði, eða 8.5 milljónir króna. Kvartandi telur að tækin séu 15-20 milljóna króna virði. Talsmaður Extóns Hljóðs segir það víðs fjarri að verðmæti tækjanna nemi þeirri upphæð og hefur sýnt gögn þar sem fram kemur að honum hafi verið boðin notuð tæki eins og þau sem hann leigir af ÍTR frá þýskum framleiðanda tækjanna á verði sem nemi um sex milljónum króna fyrir tækin komin til Íslands. Sjálfur hefur hann keypt nýjan tækjabúnað frá framleiðandanum fyrir 6 – 7 milljónir króna sem hann segir tvöfalda búnaðinn að styrk frá því sem var. Markaðsverð tækjanna sem Extón Hljóð leigir af ÍTR liggur ekki fyrir.

### 3.

Kvartandi telur að Extón Hljóð greiði óeðlilega lágt leigugjald fyrir afnot af hljóðkerfi Reykjavíkurborgar og geti hann því undirboðið aðra á markaðnum, þar sem rekstrarkostnaður hans fari eftir veltu. Extón Hljóð bendir hins vegar á að líta verði á leigugjald og viðhaldskostnað í samhengi. Samkvæmt áætlun leigutaka mun velta ársins 1997, sem greitt verður 5% af til ÍTR, verða 7 milljónir króna. Leigugjaldið, sem greiðist eftir á í tvennu lagi, yrði þá kr. 350.000. Viðhaldskostnaður er áætlaður kr. 1.350.000. Tækin eru 10 ára gömul og var viðhaldskostnaður rúmar tvær milljónir króna árið 1996. Extón Hljóð bendir á að þar sem hlutfallslegt leigugjald sé svo lágt sem raun ber vitni þá sé fráleitt að fyrirtækið hafi nokkurn hag af því að undirbjóða aðra á markaðnum.

### 4.

Samkvæmt umsögn borgarlögmanns hafa á undanförunum árum fjölmargir aðilar leitað til borgarinnar um gjaldfrí afnot af hljóðkerfi borgarinnar. Nú muni slíkum viðskiptum ljúka og samkeppni verða milli fyrirtækja um að veita þessa þjónustu. Ennfremur segir borgarlögmaður að fleiri aðilar leiti nú tilboða í hljóðkerfi og ljósabúnað en áður tíðkaðist og það hafi sýnt sig að Extón Hljóð hafi ekki undirboðið keppinauta, heldur hafi önnur fyrirtæki boðið lægra verð í verk á vegum Reykjavíkurborgar, Íþróttafélaga og annarra aðila.

### 5.

Samkvæmt 17. grein samkeppnislaga getur samkeppnisráð gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Í því máli sem hér er til umfjöllunar hefur að mati samkeppnisráðs ekki verið sýnt fram á að samningurinn milli Íþrótt- og tólmstundaráðs Reykjavíkur og Extóns Hljóðs um rekstur á hljóðkerfi Reykjavíkurborgar hafi

skaðleg áhrif á samkeppni. Kvartandi í máli þessu, Kastljós, er ekki á sama markaði og Extón Hljóð og hefur þar af leiðandi ekki getað sýnt fram á að rekstrarsamningur ÍTR og Extón Hljóðs um rekstur hljóðkerfis Reykjavíkurborgar skaði samkeppnisstöðu fyrirtækisins. Ekki hefur verið sýnt fram á að leigugjald fyrir hljóðkerfið, þegar tekið er tillit til viðhaldskostnaðar, sé óeðlilega lágt né að rekstrarsamningurinn skapi Extón Hljóði forskot á aðra í viðskiptum við Reykjavíkurborg. Það eru því ekki efni til fyrir samkeppnisyfirvöld að grípa til íhlutunar af þeim sökum.

Samkeppnisráð tekur undir með borgarlögmanni að það sé í samræmi við markmið samkeppnislaga að Reykjavíkurborg hafi nú hætt rekstri hljóðkerfisins sem er í hennar eigu og leigt kerfið til einkafyrirtækis sem starfar á frjálsum markaði. Með því hættir borgin að niðurgreiða útleigu hljóðkerfisins í samkeppni við þá sem á markaðnum eru. Það ber hins vegar að benda á að æskilegra hefði verið frá samkeppnislegu sjónarmiði að rekstur hljóðkerfisins hefði verið boðinn út á almennum markaði.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Ekki er ástæða til íhlutunar samkeppnisráðs í máli þessu.“**